



Alþingi  
b.t. velferðarnefndar Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. mars 2022  
Tilvísun: 2022030309

## **Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur um frumvarp til laga um fjöleignarhús (gæludýrahald), 57. mál.**

Vísað er í tölvubréf Velferðarnefndar Alþingis dags. 9. mars 2022 þar sem óskað er umsagnar Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um fjöleignarhús (gæludýrahald), 57. mál. Málinu var vísað til umsagnar hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur (HER). HER hefur farið yfir gögn málsins og leitað eftir álitum Dýraþjónustu Reykjavíkur og gerir eftirfarandi umsögn.

Að mati HER þarf að kveða fastar á um hvernig húsfélög eigi að bregðast við ef vandamál koma upp með hunda- og kattahald. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á gr. 33, þar tilgreint er að húsfélag geti að fengnu samþykki 2/3 eigenda bannað gæludýrahald og eftir atvikum gert eiganda að fjarlægja dýr ef áminningar um úrbætur vegna ónáðis frá dýri sé ekki sinnt. HER telur að sterkara væri að segja að húsfélögum sé skylt að bregðast við og halda atkvæðagreiðslu um hvort banna eigi dýrahald eða fjarlægja dýr. Þá er hægt að vísa í þessa skyldu í kærufærlu, hafi henni ekki verið sinnt. HER getur bent á dæmi þar sem húsfélag brást ekki við þegar um var að ræða alvarlegt ofnæmi fyrir dýri þar sem eigandi dýrsins var formaður húsfélagsins. Ljóst er að sú staða gæti komið upp, sérstaklega í minni húsfélögum, að hússtjórn skorist undan að taka á málum vegna dýrahalds þar sem að meðlimir hennar séu eigendur viðkomandi dýra. Það þarf að taka á þessum vanda á einhvern hátt í lögunum.

Þá vill HER benda á að það skortir heimildir til að knýja á um að dýr séu fjarlægð ef búið er að banna dýrahald í húsfélagi en eigandi verður ekki við þeirri kröfu. Húsfélög þurfa að hafa einhver úrræði komi slík staða upp. Ef kalla þarf til eftirlitsaðila eins og heilbrigðiseftirlit sveitarfélagana eða aðila sem sér um dýraeftirlit innan þeirra verða að vera til staðar valdheimildir til að grípa þar inn í. HER þekkir nokkur dæmi þar sem búið var að úrskurða að dýr skyldi fjarlæggt vegna alvarlegs ofnæmis en eigandi varð ekki við því. Þá hafði HER ekki nein úrræði til að sækja viðkomandi dýr, lögregla neitar að fjarlægja dýr nema að undangengnum dómsúrskurði og engar sektarheimildir eru í boði. Að mati HER verður að vera skýrt hvernig á að leysa þessi vandamál áður en þær breytingar sem frumvarpið leggur til eru samþykktar.



Reykjavíkurborg  
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

HER og Dýraþjónusta Reykjavíkur eru reiðubúin að mæta fyrir nefndina og ræða málið frekar.

Virðingarfyllst  
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir  
Heilbrigðisfulltrúi